

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

12. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar.

Fundurinn var haldinn þriðjudaginn 1. september 2009 að Þverá í Eyja- og Miklaholtshreppi og hófst kl. 21:00.

Mættir voru:

Halldór Jónsson, Þverá.

Benedikt Benediktsson, Saurum.

Jóhannes Eyberg Ragnarsson, Hraunhálsi.

Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi, sem einnig ritaði fundargerð.

Jón Oddsson, Kolviðarnesi, boðaði forföll.

Halldór Jónsson formaður nefndarinnar bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Fundarstjóri var kosinn Jökull Helgason.

Dagskrá fundarins:

1. Erindi dags. 30.08.2009 frá Valgarð S. Halldórssyni, Gröf, Eyja- og Miklaholtshreppi. Sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir áningarstað í landi Grafar í Eyja- og Miklaholtshreppi.
Samþykkt.
2. Erindi dags. 13.07.2009 frá Sigurði Hreinssyni f.h. félagsbúsins að Miðhrauni 2. Sótt er um stöðuleyfi fyrir íbúðargámi.
Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.
3. Erindi dags. 17.08.2009 frá Birgi Þór Guðmundssyni, Bjarkargrund 44, Akranesi. Sótt er um stöðuleyfi fyrir 30 m² hjólhýsi að Stóra Króki nr. 3 í landi Miðhrauns.
Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.
4. Erindi dags. 17.08.2009 frá Sesselju B. Guðmundsdóttur, Flúðaseli 72, Reykjavík. Sótt er um stöðuleyfi fyrir 35 m² hjólhýsi að Stóra Króki nr. 6 í landi Miðhrauns.
Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.
5. Erindi frá Elíasi Fells Elíassyni, Hjallalandi 20, Reykjavík f.h. landeiganda að Ytra-Lágafelli.
Sótt er um leyfi fyrir rifum á eftirfarandi húsum að Ytra-Lágafelli.
 - Matshluti 06-0101, Geymsla, stærð 32,3 m², byggt árið 1971.
 - Matshluti 11-0101, Geymsla, stærð 7,2 m², byggt árið 1972.**Samþykkt.**
6. Erindi dags. 23.05.2009 frá Agli Valberg Benediktssyni og Auði I. Vésteinsdóttur, Birkilundi 43, Helgafellssveit.
Sótt er um leyfi fyrir 25 m² bjálkahúsi á byggingarreit f á lóð 1 skv. deiliskipulagi Hóla í Helgafellssveit.
Samþykkt.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

7. Erindi frá Andrésí Magnússyni f.h. landeigenda að Hólum 2 í Helgafellssveit. Landskipti og breyttar landstærðir að Hólum 2 í Helgafellssveit. Um er að ræða þrjár spildur, Efstihóll 8,73 ha, Lágghóll 4,4 ha og Bæjarhóll 0,91 ha. **Samþykkt að heimila landskiptin en skipulags- og byggingarfulltrúa falið að óska eftir heildaruppdrætti af upprunajörðinni Hólum þar sem fram koma þær spildur sem stofnaðar hafa verið útúr jörðinni.**
8. Erindi dags. 31.07.2009 frá Karli O. Jóhannssyni, Tómasarhaga 45, 107 Reykjavík. Sótt er um endurnýjað byggingarleyfi fyrir frístundahúsi ásamt gestahúsi að Birkilundi 6a í Helgafellssveit. Byggingarleyfi fyrir sömu húsum hafði áður verið veitt að Birkilundi 11 en fallið hefur verið frá byggingaráformum á þeirri lóð að ósk umsækjanda. Byggingarnefndarteikningar eru unnar af Davíð Kr. Pitt, Teiknistofunni Tvíeyki ehf. Frístundahús: Um er að ræða tvílyft timburhús á steinsteyptri undirstöðu. Flatarmál neðri hæðar er 108,7 m² (grunnflötur), ásamt 41,4 m² svefnlofti efri hæðar, samtals 150,1 m². Gestahús: Um er að ræða tvílyft timburhús á steinsteyptri undirstöðu. Flatarmál neðri hæðar er 27,4 m² (grunnflötur), ásamt 14,1 m² geymslulofti efri hæðar, samtals 41,0 m². **Samþykkt.**
9. Til kynningar.
- Yfirlýsing og uppdráttur vegna landamerkja milli Hrisakots í Helgafellssveit og aðliggjandi jarða.
 - Erindi frá Orkustofnun vegna aðalskipulagsgerðar.
 - Úrskurður Umhverfisstofnunar dags. 29. maí 2009 vegna kæru eigenda Svelgsár annars vegar og Fuglaverndar hinsvegar vegna ákvörðunnar Skipulagsstofnunar frá 11. janúar 2008 um að virkjun í Svelgsá í Helgafellssveit skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
 - Lagðar fram til kynningar teikningar af fyrirhuguðu sumarhúsi Snorra Jóhannessonar, Litlubæjarvör 16, Álftanesi, á lóð úr landi Grishóls í Helgafellssveit.
10. Önnur mál.
Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundargerð lesin upp og staðfest.
Fundi slitið kl. 23:15.